Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030

# Leikskólinn Sólgarður / Félagsstofnun stúdenta

# 2023 – 2024




## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit


Leiðarljós leikskólans ........ 4

1 Greinargerð leikskólastjóra ........ 4

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 ........ 6

3 Innra mat xxx deildar ........ 13

4 Innra mat sérkennslu ........ 14

5 Innra mat – fjöltyngd börn ........ 14

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ........ 15

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ........ 15

8 Foreldrasamvinna ........ 15

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ........ 15

10 Fylgigögn ........ 16

**10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs** ........ 16

## Leiðarljós leikskólans

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2022 var áhugaverður, afkastamikill, lærdómsríkur og eflandi fyrir börn, starfsfólk og foreldra.

Í september 2022 lokuðum við Leikgarði vegna framkvæmda. Þá hófust framkvæmdir á nýrri álmu við Leikgarð sem áætlað er að opni í janúar 2024. Starfsfólk var flutt yfir á aðrar deildar fyrirtækisins. Flestir fóru á Mánagarð en aðrir kusu að starfa á öðrum starfsstöðvum auk þess sem sumir kusu að hætta eða var sagt upp.

Haustið var gott hvað varðar mannauðinn, engar nýráðningar og við vel mönnuð. Aðlögun gekk hægt þar sem allt virtist botnfrosið í leikskólum nágrannasveitarfélaganna, endalausar frestanir og mörg börnin komin á fjórða ár þegar þau loks fengu flutning. Þetta kallaði á töluvert endurmat á okkar starfi, innkaup á aldurstengdum efnivið og innleiðingu á nýjum starfsháttum til að mæta þörfum þessara barna. Þetta var lærdómsríkur ferill fyrir starfsmannahópinn og eflandi fyrir faglegt starf innan skólans. Við áttuðum okkur á því að í þeirri stöðu sem við vorum í þ.e. yfirmönnuð af reynsluboltum að þetta var kærkomið tækifæri til að víkka út faglegt starf og taka inn atriði sem við höfðum ekki haft tækifæri til áður vegna aldurs barnanna og annarra utanaðkomandi þátta.

Aukin ábyrgð var sett á aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóranna varðandi faglegt starf á leikskólanum þar sem tími leikskólastjóra fór að þó nokkru leyti í framkvæmdafundi, val á efnivið í nýjan skóla og skipulag framkvæmda. Lukka undirritaðrar er að hafa fengið að fylgja ferlinu frá upphafi og fá að fylgja sínum hugmyndum um faglega nálgun í gegnum allt ferlið.

Í janúar 2023 vorum við farin að undirbúa flutning á „nýjan" Sólgarð (Leikgarður) og stefndum að því að loka „gamla" Sólgarði í apríl. Þetta kallaði á yfirferð á öllum innanstokksmunum, leikföngum og öðru því sem notað er í daglegu starfi innan skólans og þarfagreining á því sem við vildum leggja áherslu á á nýjum stað var frábært tækifæri fyrir allherjar endurmat á okkar starfi.

Í lok apríl fluttum við yfir í glænýja álmu fyrirverandi Leikgarðs, nú Sólgarðs og njótum þess svo sannarlega. Mikil áhersla hefur verið lögð á hljóðvist og loftskipti. Hefur það sýnt sig á þeim mánuðum sem við höfum verið starfandi á nýjum stað að það skilar sér strax í minni veikindum starfsfólks og barna auk þess sem öll vinnuaðstaða hefur batnað til muna. „gamli" Sólgarður var

barns síns tíma og þó allir séu sammála um að þar hafi verið góður andi og gott að vera er eftirsjáin engin. Komandi janúar opnum við svo nýju álmuna og tökum í gagnið 60 pláss í viðbót.

Tilhlökkunin er mikil því við það lagast vinnuaðstaðann til muna og fermetrum fyrir börn og starfsfólk fjölgar töluvert.

Eins og sjá má á þessari yfirferð hefur þunginn í starfinu legið í endurmati og breyttum starfsháttum. Það er engin efi á því að það hjálpaði okkur mikið og jók faglega vitund allra á skólanum. Rauði þráðurinn í vetrarstarfinu hefur verið „af hverju gerum við þetta svona“ og þær spurningar sem fylgja í kjölfarið. Svörin hafa verið margskonar og til þess fallinn að starfsfólkið mitt vinnur betur saman, er meðvitaðra um áherslur faglegrar vinnu innan skólans og hefur aukið sjálfstraust til að setja sitt mark á innra starfið.

Við erum þakklát!

## Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Leikfangakostur leikskólans** | Við notum matslista frá HighScope sem kallast PQA - Preschool Quality Asessment (þessi listi hefur verið sendur Skóla-og frístundasviði) en sá listi tekur á námsumhverfi barna, dagskipulaginu, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum. | Allir starfsmenn | Í tengslum við PQA vorum við að skora frekar lágt í fjölmenningu ásamt því að vera ekki með nógu fjölbreyttan efnivið. Því var snarlega kippt í liðinn með multiculti bókum, úrklippum úr blöðum og dásamlegum leikföngum / persónum hvaðanæva að úr heiminum eða með mismunandi fötlun. Allt þetta ýtir undir alla umræðu í hópastarfi og samverustundum og minnir starfsfólk á hvar skóinn kreppir.<br><br>Styrkleikinn lá í útikennslu og „sensory“ hluta leiksins / námsins. |
| **Hvað er opin efniviður** | Fyrirlestur leikskólastjóra og umræður starfsfólks. | Allt starfsfók | Mismunandi hugmyndir starfsfóks um opin efnivið samræmdar.<br><br>Efniviður er fjölbreyttur og höfðar til allra skynfæranna, hann er |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | bæði hefðbundin leikföng og raunverulegir hlutir, mjúkt, hart, tré, plast, stál og svo má lengi telja. |
| **Húsgögn /nýting á húsnæði** | Þarfagreining; hvað er notað, hvað ekki. Teikningar (fm) skoðaðar af nýjum skóla og farið yfir hvernig Higscope kennslurými á að vera. | Allt starfsfólk | Gátum losað okkur við töluvert af óþarfa húsgögnum auk þess sem skýrari mynd birtist af því sem okkur vantar / vantar ekki |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

## Ytra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|---|---|---|
| **Viðhorfskannanir HR monitor í október og mars 2022** | Spurningalisti til starfsfólks í tölvupósti. Órekjanlegt | Allt starfsfólk | Niðurstöður í október sýndu sóknarfæri í sjálftæði til ákvarðanatöku og þjálfun nýrra starfsmanna. Í mars kom skýrt fram að þetta hafði lagast og var niðurstaða þeirrar könnunar með hæstu stigatölu sem við höfðum náð. |
| **Viðhorfskönnun til foreldra** | Spurningalisti frá SFS sendur til foreldra | Allir foreldrar 84,3% svarhlutfall | Skólinn skoraði vel yfir meðaltali. Það eru þó innan um og saman við spurningar sem ekki eiga við ungbarnaskóla og rugla niðurstöður könunnarinnar. Við erum að velta fyrir okkur að láta útbúa okkar eigin könnun en sú vinna er á frumstigi. |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

**Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnun | | | | | | | |
| Að efla fagvitund og ábyrgð deildarstjóra innan deildar | Að deildarstjórar séu meðvitaðir um starfsskyldur sínar og faglega ábyrgð | Fræðsla og stuðningur | Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjorar | 1/8/ 22 | 1/5/ 23 | Highscope curriculum, PQA og KDI asamt starfsmannasamtölum við deildarstjóra og annað starfsfólk | .Starfsánægja könnuð |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| Uppeldis- og menntastarf | | | | | | | |
| Fara vel yfir stöðluð HighScope mælitæki (PQA og KDI) | Að allt starfsfólk sé meðvitað um þær áherslur sem HighScope setur í uppeldis- og menntastarfi | Skipulögð fræðsla og vrekefna vinna | Leikskólastjóri og deildarstjórar | 1/8/22 | 1/5/ 23 | Highscope curriculum, PQA og KDI asamt starfsmannasamtölum við deildarstjóra og annað starfsfólk | Þekking í starfi leiðir til betri vinnubragða |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Mannauður/ Leikskólabragur | | | | | | | |
| Auka þekkingu á HighScope | Leiðir til að gera starfsfólk öruggara í vinnu með börnunum | | Að skipuleggja undirbúnig með það að leiðarlósi að alltaf sé tími til lestur eða verkefnavinnu varðandi faglega starfið | Leikskólastjóri / aðstoðrleikskólastjóri | | | |
| | | | | | | | |
| Innra mat | | | | | | | |
| Við notum PQA listann frá HighScope í innra mati | PQA á öllum deildum | | PQA matslistinn yfirfarinn á öllum deildum | Leikskólastjóri | 1/8/22 | 1/5/22 | |
| | | | | | | | |

# 2 Innra mat xxx deildar

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |

# 3 Innra mat sérkennslu

**Mat á sérkennslu 2022-2023**

| | |
|---|---|
| **Skipulagning sérkennslu 2022-2023**<br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.<br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Á ekki við |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | |

**Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024**

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |

# 5 Innra mat – fjöltyngd börn

**Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023**

| | |
|---|---|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | **Með kaupum á lesefni, námskeiðum, bókum og leikföngum** |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?<br>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Vel er fylgst með máltöku barnanna, tilfinningaspjöld og viðeigandi bækur, harðspjalda og úr taui nýttar í leik. Söngur og þulur ásamt sjálfsprottnum sögum nýttar í samveru, hópastarfi, hvíld og kósýstundum. |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna? | Vel er fylgst með máltöku barnanna, tilfinningaspjöld og viðeigandi bækur, harðspjalda og úr taui nýttar í leik. Söngur og þulur ásamt sjálfsprottnum sögum nýttar í samveru, hópastarfi, hvíld og kósýstundum |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Þar sem að aldur barnanna gerir það að verkum að lítið er til af matstækjum höfum við nýtt okkur rólegar stundir í leik ásamt samverustundum til að skrá orð og setningamyndun. |

| | |
|---|---|
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | **já** |

**Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024**

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók allt starfsfólkið í starfsþróunarsamtal í vor og fór sjálf í slíkt viðtal hjá mannauðsstjóra Félagsstofnunar stúdenta.

September - Nýliðanámskeið í HighScope

Janúar – Skyndihjálparnámskeið

Mars – HighScope lesson plan – on line námskeið fyrir deildarstjóra

Maí – HighScope alþjóðaráðstefna – on line

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á ekki við

## 8 Foreldrasamvinna

Því miður var foreldrasamvinna lítil sem engin og foreldraráð fundaði aldrei.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá leikskóladagatal.

# 10 Fylgigögn

## 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans ..........................................

_______________________________________________________

Leikskólastjóri Dagsetning

**Fylgiskjal 3**

# Starfsáætlun 2023 – 2024
# Nafn leikskóla

# Umsögn foreldraráðs

## Foreldraráð leikskólans skipa:

**Stefán Gunnar Sigurðsson**
**Aþena Aradóttir**
**Guðrún Lilja Ólafsdóttir**

XXXXX XXXXXXX
XXXXX XXXXXX

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólas Sólgarðs hefur tekið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2022- 2023 til umsagnar líkt og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kveður á um. Við í foreldraráðinu samþykkjum starfsáætlunina, en þar kemur fram góð greinargerð um hvernig síðasta leikskólaár var. Í greinargerðinni er hægt að lesa sér til um innra og ytra mat leikskólans, innra mat hverrar deildar fyrir sig og hvernig unnið er með fjöltyngdum börnum. Einnig er farið yfir þá fræðslu og námskeið sem starfsfólki leikskólans hefur staðið til boða og sótt, samskipti leikskóla og foreldra og skipulag leikskóladagatalsins. Þrátt fyrir öðruvísi verkefni í ár hjá  starfsfólk leikskólans varðandi flutninga leikskólans þá tekur maður eftir að starfsandinn hefur haldist góður og viðmót starfsfólks bæði til barnanna og foreldranna ávallt verið til fyrirmyndar. Og síðast en ekki síst þá hafa börnin okkar notið sín, verið örugg og liðið vel sem skiptir okkur foreldra auðvitað öllu máli. Foreldraráð þakkar gott samstarf við leikskóla og foreldra á árinu.

Fyrir hönd Foreldraráðs Sólgarðs

Stefán Gunnar Sigurðsson

LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2023 - 2024

**Nafn skóla:** **Sólgarður**

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Þ | Starfsdagur | 1 F | | 1 S | | 1 M | | 1 F | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur | 1 F | | 1 F | | 1 M | Annar í Páskum | 1 M | Verkalýðsdagurinn | 1 L | | 1 M | sumarfrí |
| 2 M | | 2 L | | 2 M | | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | | 2 F | | 2 S | Sjómannadagurinn | 2 Þ | sumarfrí |
| 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 L | | 3 S | | 3 M | | 3 F | | 3 M | | 3 M | sumarfrí |
| 4 F | | 4 M | | 4 M | | 4 L | | 4 M | | 4 F | | 4 S | | 4 M | Foreldraviðtöl | 4 F | | 4 L | | 4 Þ | | 4 F | sumarfrí |
| 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | | 5 Þ | | 5 F | | 5 M | | 5 Þ | Foreldraviðtöl | 5 F | | 5 S | | 5 M | | 5 F | sumarfrí |
| 6 S | | 6 M | | 6 F | Starfsdagur | 6 M | | 6 M | | 6 L | Þrettándinn | 6 Þ | Dagur leikskólans | 6 M | Foreldraviðtöl | 6 L | | 6 M | | 6 F | | 6 L | sumarfrí |
| 7 M | Frídagur verslunarmanna | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | | 7 M | Dagur tónlistarskólans | 7 F | Foreldraviðtöl | 7 S | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | sumarfrí |
| 8 Þ | | 8 F | Dagur læsis | 8 S | | 8 M | Baráttudagur gegn einelti | 8 F | | 8 M | | 8 F | | 8 F | Foreldraviðtöl | 8 M | | 8 M | | 8 L | | 8 M | sumarfrí |
| 9 M | | 9 L | | 9 M | | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | Uppstigningardagur | 9 S | | 9 Þ | sumarfrí |
| 10 F | | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 M | | 10 L | | 10 S | | 10 M | | 10 F | | 10 M | | 10 M | sumarfrí |
| 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | | 11 S | Dagur íslenska táknmálsins | 11 M | Foreldraviðtöl | 11 F | | 11 L | | 11 Þ | | 11 F | sumarfrí |
| 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 Þ | | 12 F | | 12 M | Bolludagur | 12 Þ | Foreldraviðtöl | 12 F | | 12 S | | 12 M | | 12 F | sumarfrí |
| 13 S | | 13 M | | 13 F | | 13 M | | 13 M | | 13 L | | 13 Þ | Sprengidagur | 13 M | Foreldraviðtöl | 13 L | | 13 M | | 13 F | | 13 L | sumarfrí |
| 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | | 14 M | Öskudagur | 14 F | Foreldraviðtöl | 14 S | | 14 Þ | | 14 F | Sumarhátíð | 14 S | sumarfrí |
| 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 M | | 15 F | Jólagleði | 15 M | | 15 F | | 15 F | Foreldraviðtöl | 15 M | | 15 M | | 15 L | | 15 M | sumarfrí |
| 16 M | | 16 L | Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | | 16 F | Dagur íslenskrar tungu | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | | 16 S | | 16 Þ | sumarfrí |
| 17 F | | 17 S | | 17 Þ | Foreldrafundur | 17 F | | 17 S | | 17 M | | 17 L | | 17 S | | 17 M | | 17 F | Starfsdagur | 17 M | Lýðveldisdagurinn | 17 M | sumarfrí |
| 18 F | | 18 M | | 18 M | | 18 L | | 18 M | | 18 F | | 18 S | Konudagur - upphaf Góu | 18 M | Foreldraviðtöl | 18 F | | 18 L | | 18 Þ | | 18 F | sumarfrí |
| 19 L | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | | 19 F | | 19 M | | 19 Þ | Foreldraviðtöl | 19 F | | 19 S | Hvítasunnudagur | 19 M | | 19 F | sumarfrí |
| 20 S | | 20 M | | 20 F | | 20 M | Dagur mannréttinda barna | 20 M | | 20 L | | 20 Þ | starfsmannafundur | 20 M | Foreldraviðtöl | 20 L | | 20 M | Annar í Hvítasunnu | 20 F | | 20 L | sumarfrí |
| 21 M | | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | Starfsmannafundur | 21 F | | 21 S | | 21 M | | 21 F | Foreldraviðtöl | 21 S | | 21 Þ | Starfsdagur | 21 F | | 21 S | sumarfrí |
| 22 Þ | starfsmannafundur | 22 F | | 22 S | | 22 M | | 22 F | | 22 M | | 22 F | | 22 F | Foreldraviðtöl | 22 M | | 22 M | | 22 L | | 22 M | sumarfrí |
| 23 M | | 23 L | | 23 M | | 23 F | | 23 L | Þorláksmessa | 23 Þ | | 23 F | | 23 L | | 23 Þ | Starfsmannafundur | 23 F | | 23 S | | 23 Þ | sumarfrí |
| 24 F | | 24 S | | 24 Þ | | 24 F | | 24 S | Aðfangadagur jóla | 24 M | | 24 L | | 24 S | Pálmasunnudagur | 24 M | | 24 F | | 24 M | | 24 M | sumarfrí |
| 25 F | | 25 M | | 25 M | | 25 L | | 25 M | Jóladagur | 25 F | | 25 S | | 25 M | | 25 F | Sumardagurinn fyrsti | 25 L | | 25 Þ | | 25 F | sumarfrí |
| 26 L | | 26 Þ | Starfsmannafundur | 26 F | | 26 S | | 26 Þ | Annar í jólum | 26 F | | 26 M | | 26 Þ | | 26 F | | 26 S | | 26 M | Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ) | 26 F | sumarfrí |
| 27 S | | 27 M | | 27 F | | 27 M | | 27 M | Frí | 27 L | | 27 Þ | | 27 M | Starfsdagur | 27 L | | 27 M | | 27 F | | 27 L | sumarfrí |
| 28 M | | 28 F | | 28 L | Fyrsti vetrardagur | 28 Þ | | 28 F | Frí | 28 S | | 28 M | | 28 F | Skírdagur | 28 S | | 28 Þ | | 28 F | | 28 S | sumarfrí |
| 29 Þ | | 29 F | | 29 S | | 29 M | | 29 F | Starfsdagur | 29 M | | 29 F | | 29 F | Föstudagurinn langi | 29 M | | 29 M | | 29 L | | 29 M | sumarfrí |
| 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | | 30 L | | 30 Þ | | | | 30 L | | 30 Þ | | 30 F | | 30 S | | 30 Þ | sumarfrí |
| 31 F | | | | 31 Þ | | | | 31 S | Gamlársdagur | 31 M | | | | 31 S | Páskadagur | | | 31 F | | | | 31 M | sumarfrí |

Eigum 1 starfsdag í janúar og 1 starfsmannafund